

Fornleifarannsókn vegna framkvæmda við Naustatorg, Reykjavík



Lísabet Guðmundsdóttir
2019
FS738-18311



Rannsóknarnúmer

201812-0042

ÞJMS númer

2018-92

Stutt lýsing rannsóknar

Rannsókn vegna framkvæmda á Naustatorgi við Tryggvagötu í miðbæ Reykjavíkur.

Tegund rannsóknar

Framkvæmdarannsókn

Staðsetning

Við Tryggvagötu 8-10, 101 Reykjavík

GPS hnit

A: 356808.939 N: 408593.489

Rannsóknartími

18.12.2018-20.12.2018

Leyfishafi

Lísabet Guðmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna

1

Forsíðumynd

Loftmynd af framkvæmdarsvæðinu í desember 2018. (Myndataka: Lísabet Guðmundsdóttir)

Fornleifastofnun Íslands 2019

Bárugata 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.instarch.is

Údráttur

The aim of this research was to do a watching brief while a foundation was being dug for an artwork as well as work on pipes and cables. While digging the contractor came down to a stone foundation which is about 6 m long made with worked stones. Most likely this foundation is in fact paving stones. About 3 m NW of the paving stones was another foundation, it is thought that it was part of a structure which was built after 1902 and before 1915.

Inngangur

Tilgangur rannsóknarinnar á Naustatorgi var í fyrsta lagi framkvæmdaeftirlit og uppgröftur á steinhleðslum vegna framkvæmda og frágangs á Naustatorgi við Tryggvagötu. Í umsögn Minjastofnunar Íslands um verkið (tölvupóstur frá Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur, dagsettur 29. maí 2018) kemur fram að stofnunin geri þá kröfu að fornleifafræðingar hafi eftirlit með öllu jarðraski innan framkvæmdasvæðis. Ef fornleifar komi í ljós beri að stöðva framkvæmd og tilkynna Minjastofnun Íslands sem mun meta næstu skref. Fyrsti hluti framkvæmareftirlitsins fór fram á tímabilinu 23. júlí – 14. ágúst og sá Adolf Friðriksson um það verk fyrir Reykjavíkurborg. Þann 13. desember 2018 hafði Hjalti Gylfason hjá Mannverki samband við Fornleifastofnun Íslands þar sem hann hafði nýverið tekið við verkinu og hafið framkvæmdir án framkvæmdaeftirlits. Gröfumaður hjá Mannverki kom niður á steinhleðslu og lét umsvifalaust vita. Í kjölfarið sendi Minjastofnun frá sér umsögn, (tölvupóstur frá Sigurði Bergsteinssyni, dagsettur 14. desember 2018). Þar kemur fram að skilyrði fyrir áframhaldandi rannsókn séu tvíþætt, að allt jarðrask sé vaktað af fornleifafræðingi og að umrædd hleðsla verði grafin fram, hæð og dýpt hennar athuguð og umfang innan framkvæmdasvæðis. Samkvæmt fornleifaskráningu voru ekki þekktar minjar á torginu, hins vegar var ljóst að vegna umsvifa á svæðinu á 20 öldinni var möguleiki að þar gætu leynst minjar.¹ Lísabet Guðmundsdóttir, fornleifafræðingur stjórnaði verki og sá um úrvinnslu gagna. Mannverk sá um vélgröft. Við framkvæmdaeftirlit komu í ljós tvær grjóthleðslur sem voru skráðar og lýst.

¹ Sjá: Anna Lísabet Guðmundsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning hluta jarðarinnar Hlíðarhúsa vegna deiluskipulags reits sem afmarkast af Vesturgötu, Norðurstíg, Tryggvagötu og Grófinni*. Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 104. Reykjavík



Mynd 1 Á kortinu má sjá rannsóknarstað en hann er í miðbæ Reykjavíkur

Aðferðir

Skurðgrafa var notuð til þess að opna svæðið en á því var eingöngu sandur. Þegar komið var niður á hleðslurnar var grafan notuð til þess að ofan af þeim og síðan var það sem eftir var handmokað þar til komið var niður á óhreyfðan jarðveg/sand. Ekki var unnt að grafa eftir einungum þar sem eingöngu sandur var umhverfis hleðslurnar. Hleðslurnar voru hreinsaðar og þær ljósmyndaðar. Flygildi var notað til þess að taka loftmyndir af svæðinu. Loftmyndirnar voru svo hnitsettar í ISN93 og hleðslurnar teiknaðar eftir loftmynd. Við lok rannsókn var lagður jarðvegsdúkur yfir hleðslurnar og sandur settur yfir þær.

Rannsókn

Framkvæmdarsvæðið var um 250 fm² en minjasvæðið var um 50 fm². Um 20 cm undir yfirborði var grjóthleðsla sem liggur í sömu átt og Tryggvagata, í NV-SA. Varðveitt lengd hleðslunnar var um 6 m og var breidd hleðslusteina m 0,35 m. Grjótið var haglega tilhöggið og lá ofan á lábörðum steinum. Hleðslan var röskuð að norðanverðu vegna skólplagnar og að öllum líkindum hefur sá hluti hleðslunnar verið fjarlægð með öllu vegna síðari tíma framkvæmda. Hleðslan gengur inn í skurðarbakkann að sunnanverðu svo ekki er vitað hversu löng hún er þar sem ekki var þörf á að grafa lengra vegna framkvæmdanna. Líklegast er að hleðsla þessi sé hluti úr eldri götukanti Tryggvagötu þar sem ekki er vitað um neitt hús sem stóð á þessum stað. Um 3 m norðvestan við fyrrnefnda hleðslu var önnur hleðsla sem hafði verið raskað vegna frárennislagna. Varðveitt lengd var 2,8 m og breidd 0.8 m. Hleðslan var áþekk fyrri hleðslu, tilhögginn steinar sem lágu ofan á lábörðu grjóti. Lábarða grjótið var að öllum líkindum grunnur og var hann breiðari en á hinni hleðslunni. Talið er að

hleðslan tilheyri grunnni húss sem stóð á gegnt Tryggvagötu 8 og var reist á milli 1902 og 1915/18 ef miðað er við gömul kort af Reykjavík.



Mynd 2 Líklegast kantsteinar við Tryggvagötu.



Mynd 3 Brot af grjóthleðslu og mögulegum grunnni. Á myndinni sést hversu raskað svæðið er. (Mynd tekin í SA.)



Mynd 4 Hér er bæði nútíma kortagrunnur af Reykjavík og kortagrunnur frá 1902. Á þeim tíma er landfylling ekki hafin og Tryggvagata ekki til. Kortagrunnur frá 1902 er eftir uppdrætti landmælingardeildar Herforingjaráðsins í Kaupmannahöfn.



Mynd 5 Teikningin hér að ofan sýnir staðsetningu hleðslanna tveggja ásamt nútíma kortagrunni. Undir er kort teiknað af GV. Aaderup eftir mælingum Ólafs Þorsteinssonar frá 1915-1918. Nyrðri hleðslan gæti hafa tilheyrt húsinu gegnt Tryggvagötu 8.

Niðurstöður

Rannsókn á Naustatorgi fór fram á góðviðrisdögum í desember 2018 vegna framkvæmda. Fólst hún í framkvæmdaefirliti og skráningu minja ef einhverjar myndust. Í ljós komu tvær hleðslur, önnur þeirra, sú syðri, var um 6 m löng og er talin tilheyra gömlum vegkanti Tryggvagötu en gatan hefur færst til í gegnum tíð og tíma. Seinni hleðslan var rétt norðan við þá fyrri og er hún talin tilheyra húsi sem stóð gegnt Tryggvagötu 8 og var reist eftir 1902 en fyrir 1915/18.

Við lok rannsóknar var sandi mokað yfir hleðslurnar. Þær eru þar af leiðandi enn varðveittar undir Naustatorgi.

Heimildaskrá

Anna Lía Guðmundsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning hluta jarðarinnar Hlíðarhúsa vegna deiluskipulags reits sem afmarkast af Vesturgötu, Norðurstíg, Tryggvagötu og Grófinni*. Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 104. Reykjavík.